

# Fundargerð öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 29. júlí 2021 kl. 19.30 á Zoom .

Mætt; Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson og Jón Bjarni Jónsson.

Erla Sigurðardóttir, Ari Halldór Hjaltason og Elsa Kristín Sigurðardóttir boðuðu forföll.

---

## 1. Fatnaður keppenda

Ábending hefur borist um að einhverjir keppendur í torfærukeppni s.l. laugardag hafi verið í regnfatnaði utan yfir keppnisgalla. Samkv. AÓS þá hefur Keppnisráðið í torfæru þegar fjallað um málið og var þar einsróma samþykkt að koma því á framfæri við keppendur að ekki sé heimilt að klæðast neinu öðru en fatnaði sem er samþykktur og skoðaður fyrir keppni, þar með talinn hlífðarfatnaður og innanundirfatnaður.

Ákveðið að senda á öll keppnisráð ítrekun sama efnis og biðja þau um að koma erindinu áfram til allra keppnishaldara í sínum greinum.

## 2. Viðgerðir á öryggisbúrum

Dæmi eru um að öryggisbúr sem skemmast eru lagfærð á staðnum og viðkomandi ökutæki heldur síðan áfram keppni.

Ákveðið að óska eftir við Keppnisráðið í torfæru að koma með tillögur um mat á öryggisbúrum í torfærubílum og þá með sérstaka áherslu á þá sem eru byggðir upp sem röragrindur.

Öryggisráðið beinir því jafnframt til stjórnar AKÍS að tryggja að áður samþykktu vinnulagi við vottun og eftirlit með öryggisbúrum sé fylgt þannig að skemmd búr séu tekin út sérstaklega. Jafnframt að tryggt sé að skoðunarmenn í keppnum skoði alltaf búr í bílum sem lenda í óhöppum.

## 3. Óviðkomandi eða ölvæð fólk á keppnissvæði

Talsvert er um að mikið af fólki sé kringum keppnisbíla og í pít á meðan keppni stendur, jafnvel áberandi ölvæð.

Samþykkt að fá keppnisráð til að beina því til keppnishaldara að einungis lágmarks fjöldi aðstoðarmanna sé í eða við pít og á afmörkuðu keppnissvæði meðan akstri stendur.

## 4. Önnur má

Skýrslur frá öryggisfulltrúum – engar slíkar hafa borist AKÍS eftir keppnir ársins. Ákveðið að fá framkvæmdastjóra AKÍS til að ýta á að fá þessar skýrslur.

Fundi slitið kl. 20.28

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson